

Stefna læknadeildar
2006 -2011

Samþykkt á deildarfundum 7. júní og 4. október 2006

Ávarp deildarforseta

Árið 1911 var Háskóli Íslands stofnaður. Þá voru Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn sameinaðir og mynduðu hver sína deild, guðfræðideild, læknadeild og lagadeild auk heimspekideildar. Því er læknadeild meðal elstu deilda Háskóla Íslands. Deildin hefur frá upphafi ávallt kappkostað að vera í fararbroddi hvað varðar nýjungar í rannsóknum og kennslu.

Læknadeild nýtur mikils traust meðal almennings og þegar deildin er nefnd á nafn kemur mönnum ósjálfrátt í hug virðulegir traustvekjandi embættismenn sem fólk getur treyst á að komi því til aðstoðar í margs konar líkamlegum og andlegum erfiðleikum, hvenær sem á þarf að halda. Í hugum fólks eru þessir aðilar einnig þekktir fyrir að fylgjast vel með þróun lækninga og nýjungum hver á sínu fræðasviði. Læknar eru kunnir fyrir að berjast stöðugt fyrir því að það nýjasta og besta verði tekið upp um leið og reynsla er komin á hlutina.

Læknadeildin hefur frá upphafi einkennst af hinum nánu tengslum við sjúkrahús og heilsugæslu. Innan háskólasamfélagsins hefur það oft verið lagt deildinni til lasts hve náíð starfsmenn hennar eru tengdir hinu daglega starfi sjúkrahúsanna og að þeir séu þar með ekki raunverulegir háskólamenn. Deildin hefur því stöðugt þurft að minna á og sanna sig sem háskóladeild og hefur þetta haft mjög jákvæð áhrif á þróun hennar.

Háskóli Íslands þarf að auka og efla samskiptin við Landspítala-háskólasjúkrahús og Heilsugæsluna og gagnkvæm aðild þarf að vera að stjórnun þessara stofnana með virkri þátttöku heilbrigðisvísindadeildanna. Fullnýta þarf þau sóknarfæri sem skapast með nýbyggingu nýs háskólasjúkrahúss á einum stað ásamt aðstöðu fyrir heilbrigðisvísindagreinarnar. Efla þarf verulega gagnkvæmt mat á störfum innan hvorrar stofnunar fyrir sig og gildir þetta sérstaklega hvað varðar mat HÍ á störfum þeirra sem eru í samhliða starfi á LSH. Á rannsóknasviði þarf að draga úr áherslu á breiðvirkni í rannsóknum og hlú sérstaklega að sviðum þar sem deildir háskólans geta skarað framúr og skapa eins konar öndvegissetur.

Það er deildinni mikið kappsmál að halda þeirri ímynd sem hún hefur haft í nær hundrað ár en um leið að vera í hópi 100 bestu læknadeilda í heiminum. Deildin telur sig vera nálægt því marki og ætlar að gera sitt til að lyfta Háskóla Íslands upp í þann hóp meðal háskóla.

Stefán B. Sigurðsson
Forseti læknadeildar

Framtíðarsýn

Rannsóknir

Deildin stefnir að því að gera rannsóknabáttinn enn meira ríkjandi í vinnu allra kennara deildarinnar og að þeir hafi allir viðunandi aðstöðu til rannsóknastarfa. Stefnt er að stöðugt vaxandi samstarfi milli okkar og annarra deilda HÍ og annarra háskóla bæði innlendra og erlendra. Samstarf læknadeildar og LSH mun vaxa mjög í sameiginlegu nýju háskólasjúkrahúsi og þá ekki síst í nýju lífvísindasetri með Keldum. Stefnt er að stofnun klínískrar rannsóknastofnunar á LSH sem yrði rekin sameiginlega af starfsmönnum HÍ og LSH. Áætlað er að nýdóttarar verði á hverju fræðasviði enda ætti fjárhagsgrunnur MS og PhD nema að vera mun betur tryggður m.a. eftir tilkomu Eimskipafélagssjóðs og eflingu samkeppnisstyrkja.

Kennsla

Stefnt er að aukinni samhæfingu innan kennslugreina og milli þeirra, fjölbreyttari kennsluaðferðum og námsmati. Reiknað er með auknu þverfaglegu samstarfi milli deilda HÍ og fjölmargra erlendra skóla. Stefnt er að samræmdum námskröfum hvað varðar helstu samunburðarskóla. Stefnt er að auknu námsvali sem gæfi öllum nemum möguleika á að ljúka BS-gráðu. Auka á samþættingu klínískrar kennslu og daglegs starfs heilbrigðisstofnana ásamt auknum valmöguleikum í náminu.

Stjórnun

Stefnt er að því að læknadeild verði öflug stjórnunarlega séð og í góðum tengslum og nánu samstarfi við aðrar heilbrigðisvísindadeildir. Stjórnunarlegt samstarf við heilbrigðisstofnanir og þá sérstaklega LSH og heilsugæslu fer stöðugt vaxandi. Stefnt er að vel skilgreindum starfseiningum með vaxandi ábyrgð samfara aukinni fjármögnun. Stefnt er að faglegri og skilvirkari læknadeild með samkeppnishæfum launakjörum kennara.

Samskipti

Stefnt er að öflugri upplýsingamiðlun og kynningarstarfi bæði innan deildar sem utan gegnum kynningarfulltrúa. Stefnan er þannig að deildin njóti áfram virðingar og verði virkari aðili í allri ákvarðanatöku.

Læknadeildin í hnotskurn - hlutverk

Læknadeild skiptist í þrjár skorir; læknisfræðiskor, sjúkrapjálfunarskor og geisla- og lífeindafræðiskor. Við deildina starfa fremstu sérfræðingar landsins á öllum sviðum líf- og læknisfræði og sjúkrapjálfunar. Yfir hundrað kennarar og sérfræðingar eru fastráðnir við deildina auk þess sem fjöldi

stundakennara kemur að kennslunni, allt fólk með framhaldsmenntun frá fremstu mennta- og heilbrigðisstofnunum í hinum vestræna heimi. Að loknum 6 árum lýkur læknanámi með fagprófi (cand.med.), sjúkraþjálfunarnámið að loknum 4 árum með BS-gráðu og geisla- og lífeindafræðinámið gefur BS-gráðu eftir þriggja ára nám og starfsréttindi eftir 4 ár.

Fjöldatakmörkun er viðhöfð vegna takmarkaðs fjölda kennara og getu klínískra deilda til að annast kennslu, ásamt sjúklingafjölda.

Nemendur deildarinnar eiga greiðan aðgang að þekktustu menntastofnunum í hinum vestræna heimi vegna góðrar reynslu þeirra af einstaklingum menntuðum í deildinni. Starfsmenn deildarinnar hafa einnig sterk alþjóðleg tengsl sem þeir öðlast með námi sínu erlendis og það gerir deildinni mögulegt að halda framúrskarandi stöðu sinni.

Hlutverk læknadeildar í kennslu er; að stunda handleiðslu beint eða óbeint á þann hátt að það örvi gagnrýna hugsun nemandans, veiti honum innblástur og örvi hann í að leita sér þekkingar á sjálfstæðan hátt, örva samskipti nemenda/kennara á faglegan hátt og efla þannig félagslegan þroska þeirra, þróa og viðhalda gæðum kennslunnar með alþjóðlegu samstarfi, samræmingu og árangursmati.

Rannsóknavirkni starfsmanna deildarinnar telst mikil. Vegur þar þungt framlag starfsmanna í samhliða störfum á LSH og skiptir fjárframlag og aðstaða á LSH þar miklu máli. Öflug rannsóknastarfsemi er einnig rekin af mörgum sérfræðingum háskólasjúkrahússins, í heilsugæslunni og á stofnunum tengdum deildinni s.s. Tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum. Formlegur samstarfsamningur við Landspítalann var undirritaður 10. maí 2001 og endurnýjaður 27. apríl 2006. Haft var þar í huga að rannsóknir, kennsla og fræðastarfsemi væri undirstaða bættrar þjónustu við sjúklinga.

Hlutverk læknadeildar í rannsóknum er; að afla þekkingar á gagnrýninn hátt, skapa tækifæri, fjármagn og aðstöðu til að hvetja til rannsókna en um leið efla metnað manna til að sýna frumleika og sjálfstæði og tryggja gæði rannsókna, hvetja til innlendra /alþjóðlegrar samvinnu til að þjálfa vísindamenn okkar sem best og skapa þeim tækifæri til að miðla reynslu sinni.

Læknadeildin veitir framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu og til annars rannsóknatengds náms, á breiðum grunni í heilbrigðisvísindum. Nú eru 56 meistarnemar og 46 doktorsnemar skráðir við deildina.

Í tengslum við ytra umhverfi er hlutverk okkar að vera sýnileg og skapa gagnrýnar umræður. Skapa ný tengsl og treysta þau eldri með góðum samskiptum bæði með því að veita upplýsingar til annarra og afla þeirra til notkunar í deildinni. Veita ráðgjöf á skilvirkan og víðsýnan hátt en vera um leið fagleg. Stuðla að því að deildin sé hluti af stærri heild.

Gildi Læknadeildar

Í rannsóknum viljum við leitast við að ...

efla metnað rannsakenda til að sýna heiðarleika og ábyrgð, auka gæði og samvinnu þó án þess að skerða rannsóknafrelsi. Grípa hvert tækifæri til þekkingaröflunar og leita sannleikans og miðla niðurstöðum markvisst til annarra. Sýna framsýni með því að stuðla að því að þeir sem sýni frumkvæði fái að njóta sín.

Í kennslu viljum við leitast við að ...

sýna fagmennsku, virðingu og umburðarlyndi í handleiðslu nemenda. Vera hvetjandi til að vekja áhuga og metnað nemenda en vera um leið gagnýrnin á námsefnið til að örva þróun þess. Hafa náms- og kennslufrelsi nemenda og annarra kennara í huga og hvetja nemendur bæði til sjálfstæðrar íhugunar og sam/hópvinnu. Gera jafnréttis-hugsunina að sjálfsögðum hlut í kennsluefninu.

Við stjórnun deildarinnar viljum við leitast við að ...

lýðræði og samráð fái að njóta sín án þess þó að hefta eðlilega stjórnun. Að fagmennska og metnaður sé hafður í fyrirrúmi og um leið skilvirkni í miðlun upplýsinga og samskiptum. Gagnsæi sé viðhaft í ferlum til að auka traust og trúnað og þá um leið samhæfingu og gæði stjórnunar.

Í samskiptum okkar við ytra umhverfi viljum við leitast við að ...

sýna hreinskilni og heiðarleika til að auka trúverðugleika okkar og efla okkar eigin sjálfsvirðingu. Sýna samskiptaaðilum okkar velvilja og skilning til að auka skilvirkni og gagnkvæmni í samskiptunum. Gagnsæi sé viðhaft í samskiptaferlum og þeir séu unnir með jafnrétti í huga.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2006 - 2011

1. Aðalmarkmið: Framúrskarandi rannsóknir

Fjármögnun og aðstaða til rannsókna innan læknadeildar verði eflað verulega

Til að ná þessu aðalmarkmiði í rannsóknum mun læknadeild grípa til eftirfarandi starfsmarkmiða og aðgerða á árunum 2006-2011

Að skyld starfsemi verði færð saman, lífvísindasetur stofnað og klínísk rannsóknastofnun sett á fót

- Á árinu 2006 mun deildarforseti funda um málin með rektor og menntamálaráðherra. Þarfagreiðingaráhópar læknadeildar munu funda með bygginganefndum LSH/HÍ og deildarforseti með stjórn Keldna til að tryggja framgang stefnu um samhliða uppbyggingu lífvísindaseturs og sjúkrahúss á árinu 2006. Skipuð verður nefnd á árinu 2006 til undibúnings stofnunar klínískrar rannsóknastofnunar HÍ og LSH.

Að rannsóknaaðstaða verði til staðar fyrir öll fræðasvið/greinar

- Forstöðumenn munu gera úttekt á þörfum sinna fræðasviða á árinu 2006 og kynna bygginganefnd LSH og HÍ niðurstöður sínar þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra við hönnun nýrrar aðstöðu.
- Skilgreind verði lágmarksaðstaða til rannsókna innan hvers fræðasviðs.

Að allir starfsmenn hafi tækifæri til rannsóknastarfa og birti niðurstöður sínar

- Deildarstjórn skilgreini verndaðan tíma akademískra starfsmanna til rannsókna á árunum 2006 og 2007.
- Deildarstjórn stuðli að því að starfsmenn hennar birti vísindalegar niðurstöður í virtum ritrýndum

alþjóðlegum tímaritum.

- Vísindanefnd efni til ráðstefnu um teymisvinnu og rannsóknasamvinnu innan deildar.
- Á árinu 2007 verði gerðar ráðstafanir til að ná 100% skilum á rannsóknaskýrslum kennara deildarinnar.

Að virkja enn frekar mannauð háskólasjúkrahússins og heilsugæslunnar með því að fjölga akademískum nafnbótum um 100

- Halda áfram með núverandi kerfi uns þessu markmiði er náð.
- Ljúka gerð samninga við alla núverandi nafnbótarhafa fyrir árslok 2006 og gera síðan samninga um leið og nafnbót er gefin.

Að tvöfalda fjölda nema í rannsóknatengdu framhaldsnámi, fimmfalda fjölda nýdoktora (post doc) og fjölga sérnámsnemum um helming.

- Hlutverk rannsóknánámsnefndar verði endurskilgreint og fjárveitingar til rannsóknatengds náms verði skilgreindar sérstaklega.
- Fleiri leiðbeinendur verði virkjaðir og aflað aukins fjármagns til grunnrekstrar rannsókna svo unnt verði að standa undir tvöföldun rannsóknanema á næstu 5 árum.
- Fjölga verði stöðum fyrir nýdoktora í samvinnu við sjóði og fyrirtæki á næstu 5 árum.
- Heilbrigðisráðuneytið verði virkjað til að fjölga sérnámsstöðum á LSH á næstu 5 árum.

Að auka erlent rannsóknasamstarf

- Fulltrúar læknadeildar fari í heimsóknir til a.m.k. tveggja erlendra háskóla sem áhuga hafa á rannsóknasamstarfi á árinu 2006 og unnið verði að því að skapa persónuleg tengsl til uppbyggingar rannsóknarsamvinnu.
- Fulltrúar frá ofanefndum háskólum heimsækji læknadeild á árinu 2006.
- Samstarfssamningar verði undirritaðir við þessa skóla á árinu 2006.
- Erlendir kennarar fái stöður/tengdar stöður við deildina og taki þátt í rannsóknasamstarfi.
- Haldið verði áfram þessari uppbyggingu erlends samstarfs á komandi árum.

Að sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði verði tvöfölduð á næsta ári

- Deildarforseti og formaður vísindanefndar vinni með umsóknaraðilum í að fá fram tvöföldun á upphæð samkeppnisstyrkja á næstu 6-12 mánuðum.
- Aðstoð við umsækjendur við öflun styrkja verði aukin á næstu 6-12 mánuðum undir stjórn deildarforseta.
- Deild veiti umsækjendum upplýsingar um og efli tengsl við þá aðila innan HÍ sem aðstoða þá sem afla styrkja.

Að tryggja aukna stoðfjármögnun (overhead)

- Deildarforseti og formaður vísindanefndar vinni að aukningu stoðfjármögnunar upp í 15% af styrkuppghæð á næstu mánuðum.
- Styrkþegar vinni að því að auka skilning á mikilvægi stoðfjármögnunar hjá stjórn samkeppnissjóða og geri ráð fyrir stoðfjármögnun í umsóknum sínum.

Að viðskiptafjármögnun og gjafafé tvöfaldist

- Deildarstjórn örvi umræðu um breytt skattaumhverfi sem myndi stuðla að því að gjafafé til

rannsóknaverkefna yrði frádráttarbært frá skatti.

- Gerðir verði styrktarsamningar við fyrirtæki varðandi fjármögnun rannsóknaverkefna.
- Deildarstjórn stuðli að myndun sjóða til að taka við gjafafé.

Að grunnfjármögnun til rannsóknastofnana og fræðigreina aukist verulega

- Deild vinni að því með yfirstjórn HÍ að gerður verði viðunandi rannsóknasamningur innan eins árs við menntamálaráðuneyti.

Að upphafs fjármögnun rannsókna þegar kennari tekur við nýrri stöðu sé 3 milljónir

- Deild/fræðasvið ráðstafi fjármunum frá ofan nefndum aðgerðum í þessum tilgangi.

2. Aðalmarkmið: Framúrskarandi kennsla

Læknadeild ætlar sér að standast ýtrustu alþjóðakröfur til kennslu og veita menntun sem er í fremstu röð á alþjóðavísu

Til að ná þessu aðalmarkmiði í kennslu mun læknadeild grípa til eftirfarandi starfsmarkmiða og aðgerða á árunum 2006-2011

Að árið 2010 verði til fjölþætt valkerfi vegna inntöku nema, byggt á prófi, viðtali, menntun og reynslu.

- Starfshópur vinni að gerð „samræmds“ könnunarprófs sem allir sem ætla í læknadeild HÍ þyrftu að fara í. Prófið yrði á vegum menntamálaráðuneytisins.
- Athugaðir möguleikar á að væntanlegir nemendur verði einnig teknir í viðtal hjá matshópi. Starfshópur semji matsreglur fyrir matshópa sem myndu meta gæði viðtalsins.
- Athugaðir möguleikar á að menntun og fyrri reynsla væntanlegra nemenda verði metin af matshóp. Starfshópur semji matsreglur fyrir matshópa.
- Ofan nefndar aðgerðir miði að því að auka gæði nemenda og þannig draga úr brottfalli.

Að árið 2007 verði almenna reglan að kennarastöður séu auglýstar á alþjóðavettvangi

- Deildarforseti eflir tengsl læknadeildar við alþjóðaskrifstofu HÍ vegna auglýsinga á kennarastöðum.
- Kynningarstjóri og deildarforseti vinni að enskri útgáfa af heimasíðu læknadeildar fyrir árslok 2006, þar sem umsækjendur geti aflað sér upplýsinga um deildina.
- Skrifstofa læknadeildar sendi auglýsingu um stöður til erlendra háskóla. Skilgreina þarf skóla og afla tengiliða fyrir árslok 2007.
- Skrifstofa læknadeildar byrji að auglýsa stöður í þekktum fagtímaritum á árinu 2007.

Að alþjóðleg viðmið séu notuð við mat á kennslu

- Kennsluráð skyldi nemendur til að taka alþjóðlegt próf s.s. USMLE. Verði komið í framkvæmd á árinu 2007.
- Menntamálaráðuneytið fái fyrir 2008 alþjóðlega sérfræðinga til mats á gæðum kennslu læknadeildar.
- Deildarstjórn hvetji kennara til að bæta sig og styrkja í nýjum kennsluháttum. Verðlauna þá sem standa sig vel. Komið í framkvæmd 2007.

Að til séu vel skilgreind námsmarkmið, fjölbreytt og markviss kennsla

- Forsvarsmenn fræðigreina sjái til þess að gerð verði ítarleg og samræmd námsmarkmið (curriculum) fyrir hverja námsgrein fyrir árið 2008.
- Forsvarsmenn fræðigreina ásamt kennurum námsgreinar auki hlutfall og gildi verkefnavinnu í náminu fyrir árið 2007.
- Læknadeild vinni að því að rannsóknaverkefni 3. árs verði metið til B.S. gráðu, og að verkefnið myndi teljast til rannsóknastiga fyrir viðkomandi leiðbeinanda.
- Forsvarsmenn fræðigreina vinni að því að nýir kennsluhættir s.s. lausnaleytnám (PBL) þróist enn frekar innan deildarinnar, og verði nýttir innan hvorrar fræðigreinar fyrir árið 2009.

Að aðstaða til kennslu og náms sé til fyrirmyndar á nýju háskóla/sjúkrahússvæði

- Deildarstjórn tilnefni nefnd kennara og nemenda sem þarfagreini og skilgreini húsnaðis- og tækjapörf til grunnkennslu fyrir árslok 2006.
- Deildarstjórn tilnefni nefnd kennara og nemenda sem skilgreini húsnaðis- og tækjapörf fyrir klíniska kennslu fyrir árslok 2006.
- Deildarstjórn tilnefni nefnd kennara og nemenda sem skilgreini aðstöðupörf nemenda fyrir árslok 2006.

Að auka sjálfstætt nám

- Stefnt verði að því að auka hlutdeild sjálfsnáms í læknadeild. Kennslustjóri kynni hugmyndina með bréfi til forsvarsmanna fræðigreina, á árinu 2006.
- Forsvarsmannur geri verkáætlun um hlut sjálfstæðs náms í sinni fræðigreini, á árinu 2006 og framkvæmdaáætlun, á árinu 2007.

Að nemendur hafi góða færni í samskiptum

- Aðalkennari í samskiptafræði búi til prófmódel til að meta samskiptahæfni fyrir lok árs 2006 þannig að hægt verði að leggja prófið fyrir vorið 2007.
- Deildarforseti útvegi fjármagn til verksins haustið 2006.

Að nota færniþróf í læknánámi

- Deildarstjórn skipi nefnd til að skipuleggja færniþróf (Skills LAB) á árinu 2006.
- Nefndin skili áætlun varðandi skipulag og fjármögnun fyrir áramótin 2006-07.
- Færniþróf verði byggðar upp haustið 2007.

Að auðvelda nemendum að fara í framhaldsnám

- Deildarskrifstofa hafi aðgengilegar upplýsingar fyrir þá sem vilja fara í framhaldsnám og afli reglulega upplýsinga um framhaldsnámið með aðstoð forsvarsmanna fræðigreina.
- Forsvarsmenn fræðigreina komi á tengslaneti og deildarforseti staðfesti tengslin.
- Haldin verði skrá (portfolio) fyrir hvern nema.

3. Aðalmarkmið: Framúrskarandi stjórnun

Læknadeild efli stjórnsýslu deildarinnar og geri hana skilvirkari, efli samhæfingu og gegnsæi, og styrki lýðræðislegan grunn. Til þess þarf hún að afla sér nægjanlegs fjármagns til að tryggja rekstrarlegt sjálfstæði og metnaðarfullt starf.

Til að ná þessu aðalmarkmiði í stjórnun mun læknadeild grípa til eftirfarandi starfsmarkmiða og

aðgerða á árunum 2006-2011

Að starf deildarforseta læknadeildar verði metið sem fullt starf.

- Taka málið upp við rektor og háskólaráð á árinu 2006.

Vinna að því að deildin fái það sem henni ber í samræmi við reiknilíkan menntamálaráðineytisins varðandi kennslu og rannsóknir

- Rekstrarstjóri læknadeildar og fjárreiðusvið HÍ greini haustið 2006 það fé sem deildin verður af vegna notkunar núverandi deililíkans.
- Stefnt verði að því að HÍ færi ofangreint fé til deildar í tveimur áföngum og mun læknadeild deila fénu í nýjungar og á fræðasviðin, afkastatengt.
- Deildarstjórn vinni að því að deililíkan í núverandi mynd verði afnumið innan eins árs.

Að gera kennslu- og vísindakostnað á heilbrigðisstofnunum sýnilegan. Sækja til yfirvalda að hann verði sambærilegur því sem gerist í nágrannalöndum

- Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) kostnaðargreini kennslu- og vísindakostnað á LSH og í heilsugæslu á árinu 2006 og beri þetta saman við sambærilegan kostnað hjá erlendum stofnunum.
- LSH og HÍ geri þjónustusamninga við heilbrigðisyfirvöld um menntun læknanema og unglækna sem og vegna vísindastarfa fyrir áramót 2006-07.
- LSH og HÍ semji verklagsreglur um hvernig umræddu fé skuli varið innan stofnunarinnar fyrir áramót 2006-07.

Að skrifstofa læknadeildar verði samhæfð og deildarskipt með skýrri forystu og skilgreindri ábyrgð starfsmanna

- Með þetta í huga mun deildarforseti útbúa innan árs skipurit yfir stjórnslu læknadeildar ásamt starfslýsingum fyrir alla starfsmenn.
- Deildarforseti kanni með þörf á nýjum störfum og auglýsi innan árs.

Að mál sem berist stjórnslu deildarinnar verði afgreidd samkvæmt skilgreindri tímaáætlun og stefnt að 90% efndum

- Deildarforseti í samstarfi við deildarráð mun lýsa verkferlum, vera með gæðaeftirlit og gera tímaáætlanir.
- Deildarforseti/deildarráð mun síðan gera úttekt og efni til sívirks gæðaeftirlits innan tveggja ára.

Að virk stoðþjónusta við starfmenn og nema verði elfd og útlit á kennsluefni, kynningarefni o.fl. verði samhæft/samræmt.

- Deildarforseti og deildarráð gera þarfagreiningu, vinni úr niðurstöðum og geri áætlun um aðgerðir á árinu 2006.
- Deildarforseti og deildarráð vinni að framkvæmd áætlunar innan árs.

Að komið verði á skilvirkri upplýsingaveita þannig að fundargerðir, tilkynningar frétt næmt efni birtist á heimasíðu innan viku.

- Deildarforseti býr til verkferli fyrir upplýsingamiðlun og vinnur að því að tryggja starfslið og aðstöðu.

4. Aðalmarkmið: Framúrskarandi samskipti

Læknadeild ætlar sér að efla bæði innri og ytri tengsl og samstarf um kennslu, rannsóknir og þjónustu og auka virðingu og traust deildarinnar.

Til að ná þessu aðalmarkmiði í stjórnun mun læknadeild grípa til eftirfarandi starfsmarkmiða og aðgerða á árunum 2006-2011

Að stuðla að nánari þróun og útfærslu á samstarfi læknadeildar við rannsóknar- og þjónustustofnanir

- Rektor og deildarforseti efla samstarf við LSH, og starfsemi verði jafnvel sameinuð á vissum sviðum.
- Prófessor í heilsugæslu ásamt stjórnarnefnd efla á árinu samstarf læknadeildar við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á grundvelli núverandi samnings.
- Viðkomandi forstöðumenn efla samstarf við rannsóknastofnanir m.t.t. greina og samlegðaráhrifa.

Að vera áhrifavaldar við stefnumótun í heilbrigðismálum/þjónustu

- Deildarforseti vinni að því á árinu að læknadeild fái fasta fulltrúa í stjórn (framkvæmdastjórn/stjórnarnefnd) LSH og HH fyrir 2007.
- Einnig að læknadeild fundi með fulltrúum í heilbrigðis- og menntamálanefnd Alþingis til að efla læknadeild HÍ.
- Deildarráð vinni að því á árinu að læknadeild efla samskipti við við ráðuneyti mennta- og heilbrigðismála og Landlæknisembættið með samstarfsfundum.

Að gera samstarfssamninga um þverfræðilegt samstarf við innlendar og erlendar stofnanir

- Deildarforseti vinni að útvegum launa verkefnisstjóra vegna verkefnisins, sem hæfist á árinu 2006. Verkefnisstjóri skipi síðan starfshóp með fulltrúum læknadeildar og alþjóðaskrifstofu HÍ og fleiri samstarfsaðilum..
- Verkefnisstjóri kanni á árinu 2007 áhuga líklegra erlenda stofnana í USA, Evrópu og í þróunarlöndunum.
- Verkefnisstjóri kanni einnig áhuga á samstarfi við innlendar stofnanir: H.A., Hafró, heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisráðuneytið, Landlækni, Lýðheilsustofnun o.s.frv

Að stuðla að eflingu tengslamyndana og styrkumsókna á innlendum og erlendum vettvangi á næstu 5 árum

- Tengiliðir læknadeildar t.d. v/Rannís kynna tækifæri m.t.t. EB og NIH og efla alþjóðlegar styrkumsóknir/styrki.
- Forstöðumenn fræðasviða/stofnanir styðja við umsóknir/fjáröflun innlendra styrkumsókna/styrkja.

Fjölga samhliða stöðum/störfum milli læknadeildar og heilbrigðisstofnana um a.m.k. 6 stöðugildi

- Deildarforseti/forstöðumenn fræðasviða meti fyrir árslok 2006 hvar þörfin er mest og tryggji fjármagn og aðstöðu fyrir vorið 2007.
- Deildarforseti/forstöðumenn fræðasviða sjái um hefðbundið ráðningarferli fyrir vorið 2008.

Að móta nýja stefnu í kynningarmálum deildarinnar.

- Deildarstjórn ræður kynningastjóra fyrir hluta árs 2007 sem mótar kynningarstefnu sem liggur fyrir síðari hluta árs 2007.

Að árangur læknadeildar í rannsóknum og kennslu standist samanburð við norræna háskóla. (Óháð úttekt)

- Deildarráð finnur úttektaraðila, á árinu 2006 sem gerir úttekt á árinu 2007. Úttekt verði gerð á 10 ára fresti.
- Rannsóknasvið HÍ/SKVP skrái greinar og styrki árlega.

Að mat nema á kennslu og starfsháttum læknadeildar sé framúrskarandi. (Kennslukönnun)

- Kennsluráð staðlar kennslukannanir fyrir læknadeild og kemur þeim í framkvæmd fyrir janúar 2007.
- Deildarforseti veitir kennurum umbun fyrir frábæran árangur og útvegar kennurum aðstoð sem sýna ófullnægjandi árangur.

Læknadeild verði kynnt fyrir almenningi með greinaskrifum

- Kynningastjóri fái fastan dálk læknadeildar tvisvar sinnum í mánuði í ákveðnum miðli t.d. Mbl, fyrir febrúar 2007 og forstöðumenn fræðasviða/kynningastjóri skrifa í dálkinn.

Að læknadeild auki þátttöku sína í starfi í þróunarlöndum í samstarfi v/fyrirtæki og stofnanir

- Deildarstjórn komi á samstarfi læknadeildar við fyrirtæki/stofnanir um þróunarstarf og efli starf læknadeildar í þróunarlöndunum.
- Deldarstjórn/kynningastjóri kynni starf læknadeildar í þróunarlöndunum á ráðstefnum og í fjölmiðlum.

Að auka samskipti nemenda, kennara og stjórnarsýslu deildarinnar

- Heimasíða deildarinnar verði eflað verulega sem upplýsingagjafi fyrir nemendur og kennara.
- Þjóða nýja nemendur velkomna í upphafi haustmíssis með áhugaverðum kynningarfundi með félagslegu ívafi.
- Kalla nemendur sem lenda í erfiðleikum í námi til samráðsfunda með kennslustjóra til að leiðbeina um námsskipulag til að hindra brottfall.
- Halda reglubundna deildarfundi sem fjalla sérstaklega um kennslumál.

Framkvæmd og eftirfylgni

Deildarforseti og deildarráð, í umboði deildarfundar, bera ábyrgð á framkvæmd stefnu deildarinnar. Rektor verður reglulega gerð grein fyrir stöðu mála.

Skorarformenn og formenn nefnda, skrifstofu- og rekstrarstjóri bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar hver á sínu sviði gagnvart deildarforseta og deildarráði.

Deildarforseti fundar reglulega með viðkomandi aðilum og hefur þannig yfirsýn yfir framkvæmd stefnunnar.

Aðgerðir deildarinnar til að fylgja sinni stefnu eru útfærðar í sérstakri framkvæmdaáætlun sem uppfærð verður árlega í sambandi við fjárhagsáætlun deildarinnar. Framvinda stefnunnar verður kynnt reglubundið á deildarfundum.